



FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD  
felagsradgjof.hi.is



## Diplómanám í handleiðslufræðum. Hefst haustið 2016

Diplómanámsleið í handleiðslufræðum er sjálfstætt 30 eininga þverfræðilegt nám að loknu háskólanámi til starfsréttinda á sviði félags-, heilbrigðis- eða menntavísinda.

Markmið námsins er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á handleiðslufræðum og færni til að veita handleiðslu í faglegu starfi og skipuleggja handleiðslukerfi á vinnustað. Þeir læra að beita kerfisnálgun og dýnamiskri sýn á samskipti milli einstaklinga, faghópa og í stofnanasamstarfi.

### Inntökuskilyrði

Námsleiðin er einkanlega ætluð félagsráðgjöfum með löggilt starfsréttindi. Aðrir faghópar með sambærilega (4-5 ára) grunnmenntun til starfsréttinda geta fengið inngöngu, stundað námið á sama hátt og lokið því með diplómagraðu í handleiðslufræðum frá Félagsráðgjafardeild. Önnur skilyrði fyrir inntöku eru minnst 4ja ára *starfsreynsla* og að vera *í starfi* á sviði félags-, heilbrigðis-, skóla -, eða réttarkerfis. Að auki er þess krafist að umsækjendur hafi lokið 40 st. í *faghandleiðslu*, þar af minnst 25 st. í *einstaklingshandleiðslu*.

### Skipulag námsins:

- Faghandleiðsla – ytri umgjörð og innri samskipti á vinnustöðum (10e)
- Faghandleiðsla og handleiðslutækni I (10e)
- Faghandleiðsla og handleiðslutækni II (10e)

*Í öllum námskeiðunum eru reglulegir dæmatímar samhliða fræðilega hlutanum.*

Umsjón með náminu hefur dr. Sigrún Júlíusdóttir, prófessor í félagsráðgjöf, sigjul@hi.is

Nánari upplýsingar er að finna í kennsluskrá Háskóla Íslands og á heimasíðu Félagsráðgjafardeildar felagsradgjof.hi.is

**Umsóknarfrestur er til og með 5. júní 2016**



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ  
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD